

Jón Yngvi Jóhannsson

Slóð fiðrildanna

eftir Ólaf Jóhann Ólafsson

Hugmyndir fyrir kennara

Mál og menning 2001

Inngangur	3
Ferill Ólafs Jóhanns Ólafssonar	4
Sögusvið og sögulegur bakgrunnur Slóðar fiðrildanna.....	9
Persónusköpun Ásdísar	15
Frásagnaraðferð og tími í sögunni.....	21
Nokkrar leiðir til túlkunar	29
Ritgerðarefni	34
Viðauki I Bygging sögunnar og tímaframvinda.....	35
Viðauki II Ritdómar og viðtöl.....	40

Inngangur

Kennsluleiðbeiningar þær með *Slóð fiðrildanna* sem hér fara á eftir bera þess ýmis merki að ég hef einna mesta reynslu af því að nálgast bókmenntir sem gagnrýnandi. Ég fjalla því fyrst og fremst um *Slóð fiðrildanna* sem bókmenntaverk þó að vissulega bjóði textinn upp á ýmsa möguleika í kennslu, t.d. í tengslum við málfræði. Nokkur ritunarverkefni eru í heftinu, en þau eru sniðin þannig að þau geti skerpt skilning nemenda á verkinu og nýtist sem verkfæri við túlkun textans. Á hinn bóginn hef ég reynt að nota tækifærið til að vekja athygli á því hvernig bókin gefur færi á því að kynna nemendum nokkur grundvallarhugtök bókmenntafræðinnar og vekja þá til umhugsunar um efni sem snerta bókmenntasögu, bókmenntaumræðu og umgjörð bókaútgáfu. Þetta er ekki gert vegna þess að ég telji það hafa neitt gildi í sjálfu sér að fólk kunni skil á muninum á beinni persónulýsingu og óbeinni eða viti hvernig afturgrip og framgrip eru skilgreind í stílfræði. Ástæðan er sú að ég er sannfærður um að með þessu séu nemendum gefin ný sjónarhorn á textann sem þeir lesa og gefið tækifæri til að nálgast bókmenntir á svólítið fræðilegri hátt en ella. Því þótt flestir sem lesa bókmenntir á menntaskólaárum hljóti að njóta þeirra fyrst og fremst með innlifun og að auðveldasta leiðin inn í skáldverk í upphafi bókmenntanáms sé í gegnum persónur og jafnvel samanburð við reynslu fólks í veruleikanum, þá ber ekki að vanmeta hitt að fólk læri að meta bókmenntir sem listform, sem heim sem lýtur öðrum reglum en veruleikinn. Þetta var eitt af því dýrmætara sem ég lærði sjálfur í bókmenntakennslu í framhaldsskóla og ég hef búið að því síðan.

Ferill Ólafs Jóhanns Ólafssonar

Ólafur Jóhann Ólafsson fæddist í Reykjavík árið 1962, sonur hjónanna Önnu Jónsdóttur og Ólafs Jóhanns Sigurðssonar. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1982 og B. S. prófi í eðlisfræði frá Brandeis háskóla árið 1985. Að námi loknu fór hann til starfa hjá stórfyrirtækinu Sony í Bandaríkjunum þar sem hann komst til skjótra metorða. Árið 1995 var hann gerður að aðstoðarforstjóra en ári seinna tók hann við stjórn fjárfestingafyrirtækisins Advanta en fjármálaumsýsla þessu nemur mörgum tugum milljarða dollara. Árið 1999 varð Ólafur annar tveggja yfirmanna TimeWarner samsteypunnar og hann hefur gegnt lykilhlutverki í að móta stefnu þess fyrirtækis í nýtingu nýrra miðla svo sem netsins og samþættingar þeirra við hefðbundnari fjölmiðla eins og sjónvarp, kvikmyndir og myndbönd.

Fyrsta bók Ólafs Jóhanns kom út árið 1986, smásagnasafn sem nefndist *Nú lykklar*. Fyrsta skáldsagan, *Markaðstorg guðanna*, kom út árið 1988. Síðan hefur Ólafur Jóhann gefið út skáldsögurnar *Fyrirgefningu syndanna* (1991), *Sniglaveisluna* (1994) *Lávarð heims* (1996) og nú síðast *Slóð fiðrildanna*. Auk þessa hefur Ólafur Jóhann skrifað tvö leikrit, *Fjögur hjörtu* sem frumsýnt var árið 1997 og leikgerð *Sniglaveislunnar* sem frumsýnd var árið 2001.

Skáldsögur Ólafs Jóhanns eru hefðbundnar í formi og stíl. Þar er fengist við klassískar og áleitnar spurningar sem eru fremur af siðferðilegum eða sálfræðilegum en samfélagslegum toga. Stíll bókanna og persónusköpun hefur lengst af einnig verið hefðbundinn og hefur oft verið gripið til samlíkinga við hefðbundið nítjándu aldar raunsæi og höfunda á borð við Dostojevskí þegar lýsa skal einkennum Ólafs Jóhanns sem höfundar. Annað sérkenni Ólafs Jóhanns sé hann borinn saman við aðra íslenska samtímahöfunda eru þau menningarmót íslensks og erlends veruleika sem birtast í verkum hans. Þetta á einkum við um *Fyrirgefningu syndanna* og *Slóð fiðrildanna*, en að sumu leyti einnig um *Markaðstorg guðanna*. *Sniglaveislan* sker sig nokkuð úr verkum Ólafs Jóhanns, hún er gamansamari og léttara yfir henni, en einkum fyrstu skáldsögur hans voru alvarlegar og allt að því hátíðlegar. Stíllpróun Ólafs Jóhanns heldur áfram í *Slóð fiðrildanna* eins og síðar verður vikið að.

Þegar fjallað er um feril Ólafs Jóhanns er erfitt að komast hjá því að fjalla um viðtökur verka hans og ímynd hans sem rithöfundar annars vegar og fjármálamanns hins vegar. Allt frá því Ólafur Jóhann kom fyrst fram hefur þetta tvennt tvinnast saman í umfjöllun um hann og verk hans. Lengi vel hlutu þau nokkuð óblíðar móttökur hjá ýmsum gagnrýnendum og öðrum sem láta til sín taka í opinberri umræðu um bókmenntir, þó að jákvæðir dómur séu þegar grannt er skoðað býsna margir líka.

Verk Ólafs hafa hins vegar ávallt selst vel og persóna hans verið vinsælt umfjöllunarefni.

Þessi verk eru mjög nálægt okkur í tíma og erfitt að meta viðtökurnar eða finna skýringar á misræminu milli almannahylli og háværra, neikvæðra radda. Það getur hins vegar verið gagnlegt að ræða þennan mun við nemendur, ekki síst til þess að vekja með þeim meðvitund um það að bókmenntir eru ekki skapaðar í eitt skipti fyrir öll heldur hafa ýmis ytri skilyrði áhrif á það hvernig við lesum þær og ræðum.

Í fyrsta lagi má nefna að Ólafur Jóhann var frá fyrstu tíð kynntur sem mjög góður og jafnvel stórkostlegur höfundur. Káputextinn á *Fyrirgefningu syndanna* var t.d. nýtt met í þeirri bókmenntagrein, þar sem bókin var beinlínis kynnt sem tímamótaverk. Fleiri dæmi af því tagi mætti tína til. Það má vel vera að þessi kynning hafi skapað hvort tveggja; eftirvæntingu meðal lesenda og ákveðna tortryggni meðal gagnrýnenda. Það er ofur skiljanlegt að menn séu gagnrýnni á bók sem fullyrðir að hún sé tímamótaverk, en hina sem gerir það ekki. En að það sé eitthvert samsæri í gangi þar sem bókmenntagagnrýnendur og menningarelíta hafi sameinast gegn Ólafi Jóhanni vegna þess að hann er ekki bara rithöfundur heldur líka fjármálamaður, held ég að eigi sér enga stoð í veruleikanum. Til þess að sú kenning haldi er líka nauðsynlegt að líta framhjá þeim fjölmörgu jákvæðu dómum sem verk Ólafs Jóhanns hafa hlotið. Það má hins vegar segja að stundum hafi munurinn á viðhorfum einstakra gagnrýnenda og annarra lesenda til verka Ólafs Jóhanns verið ýktur, t.d. með frægri auglýsingu fyrir *Lávarð heims* þar sem fjölda „venjulegs fólks“, sem var hrifið af bókinni var stillt upp á móti einum gagnrýnanda sem sallaði hana niður (sjá s. 47). Þar með er gefið í skyn að Ólafur Jóhann sé „maður fólksins“ en gagnrýnandinn hrist einn í sínum filabeinsturni. Auglýsingin beinir þannig athyglinni að neikvæðri umfjöllun um bókina, væntanlega með það fyrir augum að benda á að hér sé umdeilt verk á ferð.

Vitaskuld má finna galla á sögum Ólafs, líkt og öðrum skáldverkum, og gagnrýni um þær á opinberum vettvangi hefur oftast verið rökstudd, þótt finna megi undantekningar frá því. Það má líka setja fram kenningu um það hvers vegna ákveðið misræmi er milli hylli Ólafs Jóhanns meðal lesenda annars vegar og gagnrýnenda hins vegar. Skáldsögur Ólafs Jóhanns eru yfirleitt ekki frumlegar í formi eða efnistöfum - og þær eru ekki að reyna að vera það. Þetta eru vel sagðar og kunnáttusamlega fléttaðar raunsæissögur, þar sem þekktar og klassískar aðferðir eru notaðar til að skapa eftirminnilegar persónur og kljást við spurningar sem skipta máli. Þær eiga einnig sameiginlegt að hverfast um einn afdrifaríkan atburð sem setur mark sitt á allt líf aðalpersónunnar jafnvel þar til hún þarf að horfast í augu við hann á eldri árum. Þetta er sálfræði sem við þekkjum úr bókmenntasögunni, ekki síst úr stórvirkjum raunsæisins. Að þessu leyti eru t.d. *Slóð fiðrildanna* og *Fyrirgefning syndanna*

skyldar, glæpur Péturs Péturssonar eitrar allt líf hans, líkt og leyndarmál Ásdísar verður kjarninn í tilveru hennar. Þessi tegund skáldsagna hefur á hinn bóginn ekki verið áberandi í íslenskum bókmenntum undanfarna áratugi - og þetta á reyndar við norrænar bókmenntir almennt. Þar hefur krafan um frumleika verið allsráðandi, hvort sem er í byltingarkenndum og móðernískum verkum eða verkum þar sem hefðbundnar frásagnarbókmenntir eru endurnýjaðar, t.d. með þáttum úr alþýðlegri, munnlegri frásögn. Sögur í klassísku raunsæissniði eins og skáldsögur Ólafs Jóhanns höfða hins vegar augljóslega til stórs hluta lesenda sem setja bókmenntalegar nýjungar og tilraunir ekki í fyrsta sæti.

Viðtökur *Slóðar fiðrildanna* hjá gagnrýnendum voru með allt öðrum hætti en fyrri verka Ólafs Jóhanns. Bókin fékk mjög góða dóma og jákvæða umfjöllun og nú er svo komið að sumir þeirra sem gengu harðast fram í því að fordæma fyrri verk Ólafs Jóhanns eru orðnir eindrægustu stuðningsmenn hans, líkt og málið snúist ekki um mat einstakra skáldverka heldur hvaða höfundur heldur með í þeim fótboltaleik sem heitir bókmenntavettvangur. Það er auðvitað engin ástæða til að láta þannig, enda getur það grafið undan því sem fólk hefur að segja um bókina sjálfa. *Slóð fiðrildanna* er að margra mati (þ. á m. undirritaðs) besta bók Ólafs Jóhanns, en hún vitnar ekki um stökkbreytingu heldur þróun höfundarins, þau einkenni sem finna má í fyrri verkum hans má einnig sjá í *Slóð fiðrildanna*, en stíllinn er miklu slípaðri og persónusköpunin flóknari og dýpri. Allt þetta verður að hafa í huga þegar byrjað er að hugsa um bók eins og *Slóð fiðrildanna* og hún og ferill Ólafs Jóhanns allur gefa gott tækifæri til að velta því fyrir sér með nemendum hvernig lesendur koma sjaldnast alveg blankir að skáldverki, heldur hafa með sér fyrirframhugmyndir og væntingar af ýmsu tagi. Þá mætti líka velta fyrir sér hvernig slíkar væntingar verða til og hvað stjórnar þeim. Hérna gefst gott tækifæri til að velta fyrir sér hlutum eins og bókmenntastofnun, áhrifum markaðssetningar á bókmenntir, hlutverki og stöðu gagnrýni og jafnvel væri gaman að líta í eigin barm og velta fyrir sér hvaða stellingar nemendur og kennari setja sig í þegar lesa skal bók sem námsefni en ekki af eigin hvötum. Val skáldverka til kennslu í framhaldsskólum er óumdeilanlega einn þeirra þátta sem móta hefðarveldi (kanónu) bókmenntanna, það hefur ótrúlega mikil áhrif á það hvaða bókmenntaverk „allir“ hafa lesið og þar af leiðandi á það hvaða verk eru fólki nærtæk í umræðum og umhugsun um bókmenntir.

Lesefni:

Páll Valsson: „Feður og synir. [Ritdómur um Sniglaveisluna]“ *Tímarit Máls og menningar* 4/56 (1995), 122-24.

Jón Yngvi Jóhannsson: „Skáldsaga skiptir um ríkisfang. Um fyrirgefningu syndanna á tveimur tungumálum.“ *Tímarit Máls og menningar* 2/58 (1997), 22-39.

Punktar til umræðu

1. Hvaða máli skiptir gagnrýni? Tekur fólk mark á henni? Hefur hún áhrif á sölu og þá hvernig? Getur hún skemmt fyrir bókum?
2. Hvaða máli skipta auglýsingar og önnur kynning? Getur of mikil kynning snúist upp í andhverfu sína?
3. Hvaða máli skiptir persóna höfundar fyrir skáldverk? Halda nemendur að Ólafi Jóhanni hefði verið öðruvísi tekið ef hann hefði tekið B.A.-próf í íslensku og starfað t.d. sem blaðamaður þar til hann sneri sér að ritstörfum?
4. Hver er munurinn á gagnrýnendum og „venjulegum lesanda“? Hvað þarf góður gagnrýnandi að hafa til brunns að bera?

Ritdómar um *Slóð fiðrildanna*:

Einar Falur Ingólfsson: „Örlagasaga einmana konu.“ *Morgunblaðið* 11.11.1999.

Jón Yngvi Jóhannsson: „Draugar fortíðar.“ *DV* 11.11.1999.

Kolbrún Bergþórsdóttir: „Ólafur Jóhann á flugi.“ *Dagur* 16.11.1999.

Viðtöl við Ólaf Jóhann Ólafsson um *Slóð fiðrildanna*

„Ég gæti ekki verið án skrifta.“ *Dagur* 13.11.1999.

„Kona sem stendur í tveimur styrjöldum.“ *DV* 13.11.1999.

„Síðbúin ferð til Íslands.“ *Morgunblaðið* 16.11.1999.

Söguvið og sögulegur bakgrunnur *Slóðar fiðrildanna*

Söguvið *Slóðar fiðrildanna* spannar allt frá Kópaskeri í norðri til Somerset á Suður-Englandi í suðri. Sagan spannar líklega um það bil þrjátíu ár séu bernskuminningar Ásdísar taldar með (ef Ásdís er 16 ára þegar hún byrjar í Verslunarskólanum er hún fædd 1918, fyrsta bernskuminningin frá 1928, sonur hennar fæðist 1941 og hún segir sögu sína 1961) Á þessum þrjátíu árum fléttast saga hennar saman við dramatískustu atburði 20. aldarinnar og verstu glæpi hennar. Söguviðið og sagan skipta Ásdísi töluverðu máli og þar eru ýmsar matarholur þegar fjalla á um bókina.

Seinni heimsstyrjöld

Seinni heimsstyrjöldin og áhrif hennar á líf venjulegs fólks, bæði í Evrópu og á Íslandi skipta miklu máli fyrir örlög Ásdísar. Þetta mætti nýta sér í kennslu til að vekja áhuga einhverra nemenda. Þótt bókmenntir höfði ekki beint til allra er alltaf stokkur af krökkum, aðallega strákum kannski, sem hafa áhuga á sögu og raunar sögu seinni heimsstyrjaldarinnar sérstaklega. Í þessu sambandi má benda áhugasömum nemendum á rit um tengsl Íslendinga og nasista, nokkur slík rit eru talin upp í lok kaflans. Einnig hafa komið út á íslensku nokkur yfirlitsrit sem vísa má á, þótt kannski væri einfaldast að hleypa nemendum í erlendar bækur og á netið þar sem allt er fullt af síðum um heimsstyrjöldina síðari. Það getur komið sér vel að kynna stríðið og afeliðingar þessa aðeins fyrir nemendum, sagan gerir ráð fyrir ákveðinni forþekkingu á því, sem er ekki alveg öruggt að allir búi yfir. Lesandinn þarf helst að vita hver Himmler var, hvað gerðist í Buchenwald og hvað Kristalnsóttin var. Tvær persónur tengja Ásdísi við atburði seinni heimsstyrjaldarinnar og við Þýskaland. Annars vegar Jakob, unnusti hennar, þýskur gyðingur sem er drepinn í útrýmingarþáttum, hins vegar Atli barnsfaðir hennar, íslenskur stúdent sem hrífst af nasismanum og kemur í útrýmingarþáttirnar sem gestur Heinrichs Himmlers. Það er athyglisvert að gangur stríðsins að öðru leyti en því sem snertir Ásdísi persónulega kemur lítið eða ekki fyrir í texta bókarinnar. Þannig er Ásdís stödd á Íslandi vorið 1940, þó er lítið fjallað um landgöngu Breta 10. maí það ár eða áhrif hersetunnar á annað en heilsufar Guðrúnar, húsmóður Ásdísar. Það sama á við um orrustuna um Bretland sem var háð í lofti um sama leyti. Hún setur hlutskipti sitt aldrei í stærra samhengi stríðsins eða mótandi áhrifa þess á fólk um alla Evrópu. *Slóð fiðrildanna* er þannig saga sem snýst um einstaklinga og það hvernig stóratburðir í heimssögunni gera innrás í líf þeirra og ræna þá lífshamingjunni. Hún fjallar ekki um einstaklinga sem hluta af hóp eða einstaklinga sem byggja sjálfsmynd sína á því að vera „fórnarlömb stríðsins“ fyrst og fremst. Þetta er enn eitt dæmi þess sem nefnt var í inngangi að verk Ólafs Jóhanns snúast ekki um samfélagsleg eða

söguleg málefni heldur sálfræðileg, siðferðileg og jafnvel trúarleg. Örlög Jakobs og samanburður þeirra Jakobs og Atla verða að skoðast í ljósi Helfararinnar og seinni heimsstyrjaldarinnar. Gyðingahatur birtist okkur áþreifanlega í frásögn af hremmingum foreldra Jakobs eftir Kristalsnóttina (s. 186-88). En gyðingahatur er víðar á ferð hjá persónum sögunnar. Til dæmis má benda á orð frú Brown um að Jakob sé gyðingur (s.143) og um Jakob og ríkidæmi hans (s.152), svo ekki sé minnst á ræðu Atla í kjallaranum á nýársnótt (s. 327-30) Bréf móðurinnar sem Ásdís les hjá Jórunni systur sinni er líka athyglisvert. T.d. mætti láta nemendur velta því fyrir sér hvort „svík“ Ásdísar verði verri í augum móðurinnar vegna þess að „júði“ á í hlut. Þá mætti benda áhugasömum nemendum á það að persónur í bókum Ólafs Jóhanns hafa áður komist í snertingu við þýska nasista í seinni heimsstyrjöld. Pétur Pétursson, aðalpersóna *Fyrirgefningar syndanna*, svíkur keppinaut sinn í ástum í hendur Þjóðverja í Kaupmannahöfn.

Þótt stríðið sé ekki áberandi í texta sögunnar litar vitneskja okkar um það þó allt andrúmsloft hennar. Þetta á einkum við um þá óvissu sem ríkir um það hvað er að gerast í Þýskalandi. Það er þessi óvissa ásamt samúð Ásdísar með móður Atla sem verður til þess að hún finnur til samkenndar með honum. Móðirin segir við hana: „Sonur okkar er í Þýskalandi. Ég veit hvernig þér líður.“ (s. 232). Seinna segir Atli sjálfur við Ásdísi: „Þýskaland. Við skiljum hvað um er að vera. Þú og ég.“ (s. 284). Þetta gæti ef til vill verið ein skýringin á því hvernig Atli og Jakob renna saman í huga Ásdísar nóttina örlagaríku. Hún virðist gera sér grein fyrir því hver mannleysa Atli er, en afsakar það kannski með því sem hann hefur séð og reynt í Þýskalandi.

Ísland og umheimurinn

Benda má á að Ólafur Jóhann er einn örfárri íslenskra skáldsagnahöfunda sem velja sér útlönd að sögusviði (Hér eru auðvitað undantekningar, Thor Vilhjálmsson í fyrri verkum sínum, Þórunn Valdimarsdóttir, Sjón, Sigurður Pálsson, Steinunn Sigurðardóttir, en þá í stökum verkum). Því má svo bæta við að hvort sem sögur Ólafs gerast í bandarískri stórborg eða breskri sveit eru aðalpersónur þeirra Íslendingar sem orðnir eru heimsborgarar. Ásdís er hreinræktaður heimsborgari, kannski alls staðar útlendingur. Þjónustustúlkan á Hótel Borg tekur hana t.d. fyrir Englending (s. 333). Í Englandi finnst henni sjálfri hún vera ókunnug: „Hvað ert þú að gera hér, flækingur sem hefur villst af lífsleiðinni? Jörðin þekkir ekki fótatak þitt, gleymir skóhljóði þínu um leið og þú ert horfin.“(s.194) Í Englandi er hún líka boðberi hins alþjóðlega. Hún vitnar í greinar um matreiðslu sína í enskum og frönskum blöðum: „og enda þótt flestar greinanna hafi einkum fjallað um hvernig okkur hefur tekist að bjóða upp á alþjóðlegan mat á tímum einangrunar og skömmtunar og – bæti ég við – þekkingarleysis margra Englendinga, þá fer ekki á milli mála hvaða skoðun

greinarhöfundarnir hafa haft á matreiðslunni.“ (s.174). Í þessu sambandi liggur auðvitað beint við að velta upp spurningum um tengsl höfundar og verks og kannski jafnvel tengsl sögusviðsins og þess hve auðvelt hefur reynst að skapa markað fyrir verk Ólafs í enskumælandi löndum. Jafnframt mætti nota tækifærið og velta því fyrir sér hversu tamt okkur er að hugsa um bókmenntir á þjóðlegum nótum. Að sumu leyti vinna sögur Ólafs gegn þessari tilhneigingu, þær setja þjóðernið til hliðar en fjalla þess í stað um klassísk vandamál sem sumir myndu kalla sammannleg. En landafræðin og þjóðernið getur líka haft þýðingu fyrir túlkun sögunnar sjálfar. Hvar á Ásdís heima? Á Íslandi, í Englandi? Í eldhúsinu? Þessar spurningar geta leitt okkur áfram við að skilja Ásdísi og sjálfsmynd hennar. Ásdís tengist ekki íslenskri náttúru, og líkt og með persónulýsingar er íslenskri náttúru í frásagnartíma sögunnar nær ekkert lýst. Hún tengist enskri náttúru og húsinu á Ditton Hall og umhverfi þess miklu meira. Þetta verður sérstaklega ljóst í upphafs- og lokaköflum bókarinnar. Sagan hefst á orðunum „Ég er að búast til brottfarar“ (s.7.) og hvorki þar né seinna í bókinni talar Ásdís um ferðalag sitt til Íslands sem heimferð (það var hinsvegar gert á káputexta fyrstu útgáfu bókarinnar). Í lokakafla bókarinnar er Ásdís á hinn bóginn komin heim. Hún hefur lokið ferð sinni til Íslands og á þangað ekkert erindi framar. Hún er algerlega „heima“ í laufskálanum og umhverfi hans er lýst af næstum ljóðrænni væntumþykju:

Seinustu dagana hef ég velt því fyrir mér hvort íkornarnir í garðinum finni það á sér að veturinn verði harður.

Ég hef setið í laufskálanum og hugsað um það því þeir hafa verið iðnir við það upp á síðkastið að sankað sér hnetum og hlaupa með þær í felur, tveir þeirra sérstaklega, annar örlítið haltur. Ég minntist á íkornana við Anthony og krákuna sem stendur flesta daga á staur niðri við læk og húkir yfir skugga sínum. (s.364)

Jafnvel í draumum sínum er hún stödd í þessu umhverfi:

Á nóttunni dreymir mig iðulega sama drauminn. Ég er stödd í björtu tungsljósi úti í garði. Tína mín er hjá mér. Handan lækjarins standa tveir hestar og horfa yfir til mín. Mér finnst ég sjá hvítuna í augum þeirra. Það er hrím á grösum, en samt er mér ekki kalt þegar ég legg af stað. Ég hef ekki gengið lengi þegar ég átta mig á því að ég styðst báðum höndum við grannan geislastaf frá tungli. (s.367)

Það er augljóst að þetta er náttúrulegt umhverfi Ásdísar og hún á ekki heima í íslensku umhverfi heldur ensku, eða beinlínis á Ditton Hall. Líkt og með heimsstyrjöldina má sjá þjóðlöndin tvö, Ísland og England, og það hversu litlu þau virðast skipta Ásdísi sem vísbendingu um það hvernig hún hefur skorið á tengsl sín við söguna og fortíðina. Líf hennar á Ditton Hall, frá því hún flytur þangað með Anthony og þar til hún fer aftur til Íslands, hefur snúist um að byggja upp einkaheim sem ekkert fær

grandað og þar sem fortíðin nær ekki til hennar. Þegar Ásdís horfist í augu við dauðann kemur hins vegar í ljós að hún getur ekki haldið áfram að afneita fortíðinni endalaust. Sonur hennar togar í hana. En hann er líka það eina sem hún hefur til Íslands að sækja. Hún er ekki að sækja heim Ísland af einhverjum þjóðernislegum ástæðum eða heimþrá. Ferðin er algerlega persónuleg.

Ritunarverkefni

Hvers vegna hefur Ásdís ekki farið til Íslands fyrr? Setjið ykkur í spor hennar og skrifið stutt svar við þessari spurningu.

Punktur til umræðu

1. Hvaða áhrif hefur uppruni Ásdísar, sem barns á Kópaskeri, á líf hennar í Reykjavík og London?
2. Ræðið samband Ásdísar og Atla áður en hún kemst að tengslum hans við nasista. Hvað hefði Ásdís t.d. gert ef hún hefði aldrei komist að þeim en samt orðið ólétt eftir Atla?
3. Heimilið á Fjólugötunni er nokkuð sérkennilegt. Hvaða hlutverki þjónar það og einkaheimur frúarinnar fyrir Ásdísi? Er það ef til vill öruggur staður, þar sem stríðinu er ekki hleypt inn, sbr. viðbrögð frúarinnar við hernámi Breta?
4. Skiptir það máli fyrir lestur okkar á persónu Ásdísar að hún er Íslendingur? Er saga hennar á einhvern hátt séríslensk?

Lesefni

Arthúr Björgvin Bollason: *Ljóshærða villidýrið*. Arfur Íslendinga í hugarheimi nasismans. Mál og menning. Reykjavík 1990.

Ásgeir Guðmundsson: *Berlínar-blús. Íslenskir meðreiðarsveinar og fórnarlömb þýskra nasista*. Skjaldborg. Reykjavík 1996.

Garðar Sverrisson: *Býr Íslendingur hér? Minningar Leifs Møller*. Iðunn. Reykjavík 1988.

Heiferman, Ronald: *Seinni heimsstyrjöldin*. Þorsteinn Thorarensen þýddi. Fjölvi. Reykjavík 1978.

Heimsstyrjöldin 1939-45 I-XV. Ritstjóri Örnólfur Thorlacius. Almenna bókafélagið. Reykjavík 1979-83.

Illugi Jökulsson og Hrafn Jökulsson: *Íslenskir nasistar*. Tákn. Reykjavík 1988.

Nanna Rögnvaldardóttir: *Ævi mín og sagan sem ekki mátti segja*. Iðunn. Reykjavík 1989.

Þór Whitehead: *Milli vonar og ótta. Ísland í síðari heimsstyrjöld*. Vaka-Helgafell. Reykjavík 1995.

Persónusköpun Ásdísar

Slóð fiðrildanna er bók af því tagi sem öll snýst meira og minna um persónulýsingu einnar manneskju. En vegna þess að Ásdís er sögumaður og við sjáum alla hluti með hennar augum fáum við aldrei að sjá hana með augum annarra. Þetta gefur færi á að velta fyrir sér muninum á beinni og óbeinni persónusköpun og á ólíkum aðferðum við óbeina persónusköpun.

Ritunarverkefni

Persónulýsing Ásdísar. Ásdísi er aldrei lýst beint í sögunni. Lýsið útliti hennar í nokkrum orðum, byggði á því hvernig henni er lýst óbeint í sögunni og því hvað hún segir um sjálfa sig.

Persónusköpun í skáldverkum má skipta gróflega í tvennt. Annars vegar er **bein persónulýsing** þar sem er skapferli og persónueiginleikum persónu er lýst beint, oft með lýsingarorðum. Fjölmörg dæmi eru um beinar persónulýsingar í bókinni þar sem Ásdís lýsir öðru fólki. Það er þó eftirtektarvert hversu lítið hún lýsir útliti persónanna. Það gerir hún helst með því að lýsa heildarsvip. Marilyn er t.d. þannig lýst: „grönn og smávaxin og gelgjulegri en gerist og gengur með stúlkur á þeim aldri.“(86) Lykilpersónum í sögunni er alls ekki lýst, við vitum t.d. ekki hvernig Anthony lítur út og fáum aðeins óljósa mynda af Jakobi:

Hendurnar sem vissu ekki hvað biði þeirra. Augun sem grunaði ekki hvað þau ættu eftir að sjá og buðu því öllu byrginn. Brosið fölskvalaust, og hárið þykkt, tinnusvart, greitt aftur. Í meðallagi hár, held ég, þrekinn.
Held ég. (s.104)

Hún er ekki einu sinni viss um hvernig Jakob leit út, enda tengjast minningar hennar kannski frekar stemmingu og andblæ en því sem hún sér og lýsir. Hér mætti bera saman við t.d. frásagnaraðferð Íslendingasagna, það er varla nokkur dæmigerð mannlýsing í bókinni, en fólki er fremur lýst huglægt, eða með frásögnum sem lýsa innræti þeirra. Eina undantekningin er Atli sem er lýst nokkuð nákvæmlega á síðu 269.

Óbeinar persónulýsingar eru miklu algengari en beinar í nútímaskáldsögum og allt sem við vitum um Ásdísi byggist á slíkum lýsingum. Þegar persónu er lýst óbeint getur lesandinn dregið ályktanir um persónuna af því sem um hana er sagt eða því sem hún gerir eða segir. Aðferðum við óbeinar persónulýsingar má skipta í nokkra undirflokkka:

1. **Það sem persónan gerir** gefur okkur upplýsingar um eiginleika hennar. Gjörðum persóna má aftur skipta í tvennt: Það sem persónan gerir einu sinni, og það sem hún endurtekur. Það fyrra tekur til þess hvernig hún bregst við á orlagastundum, í *Slóð fiðrildanna* t.d. þegar Ásdís gerir sér ljóst að hún er ólétt og leitar á fund föður síns (s. 337). Hið síðara er algengara og gegnir kannski meira hlutverki í að byggja upp persónuna og gera viðbrögð hennar trúverðug. Þetta á við t.d. vanabundna hegðun persónunnar, t.d. það að Ásdís hefur alltaf spegil í eldhúsi þar sem hún vinnur, eða þá hvatvísi sem hún sýnir aftur og aftur í bókinni, t.d. þegar hún svarar gagnrýnanda sínum (s. 176-77), móðgar Hallgrím Pálsson (s. 150) og ræðst til atlögu við iðnaðarmennina (s. 204-205). Hér mætti líka nefna tilhneigingu hennar til að hafa vit fyrir fólki og þykjast vita betur hvernig það á að hegða sér, t.d. þegar hún segir þjónustustúlkunni á Hótel Borg til óumbeðin (s. 333-35) eða hvernig hún bregst við fréttum um giftingu Marilyn (s. 89-91). Þá má bæta því við að gjörðir persóna eru ekki einungis það sem þær beinlínis taka sér fyrir hendur. Það getur einnig átt stóran þátt í persónulýsingu hvað persónan lætur ógert (Ásdís sendir t.d. aldrei bréfið til móður sinnar, hún fer ekki til Íslands fyrr en hún er dauðvona) og hvað hún ætlar sér að gera en tekst ekki.
2. **Það sem persónan segir** er stór þáttur í persónulýsingum. Hvað segir hún um sjálfa sig og er það trúverðugt? Hvernig lýsir hún öðrum? Hvað hugsar hún og segir hún alltaf það sem hún hugsar? Þetta síðasta skiptir miklu máli við persónulýsingu Ásdísar. Hún segir alltaf það sem henni dettur í hug, hvort sem það kann að valda öðrum óþægindum eða ekki. Hér koma beinar persónulýsingar óbeint við sögu. Hvernig lýsir Ásdís öðrum? Anthony er t.d. ekki lýst, hins vegar er leðuretui hans lýst mjög nákvæmlega (s. 107), þetta eru e.k. nafnskipti, við fáum hugmynd um manninn út frá eignum hans. Hann er þrifinn, skipulagður og vanafastur svo jaðrar við þráhyggju. Kannski birtir þessi lýsing, eins og fleira sem sagt er frá Anthony, öryggisleysi hans. Þessari lýsingu er svo stillt upp á móti sögunni af samskiptum hans við iðnaðarmennina sem lýsir fullkomnum skorti á sjálfsstjórn.
3. **Útlit persónu** getur gefið vísbendingu um eðli hennar. Útliti Ásdísar er að vísu aldrei lýst, þótt hún líti mjög oft í spegil. Það að við vitum ekki hvernig Ásdís lítur út, en vitum að hún hugsar um útlit sitt skiptir máli. Lesandinn fær ekki að vita allt um hana. Sumt kemur okkur einfaldlega ekki við. Á hinn bóginn er lýsingin á Atla þegar hann kemur fyrst við sögu mjög merkingarþær og ekki ólíklegt að lesandinn túlki hana öðruvísi en Ásdís gerir þegar hún sér hann fyrst vegna áhrifa frá því sem hún hefur sagt áður:

Atli Bollason var í meðallagi hár, andlitið stutt og fölleitt, hárið úfið. Hann var klæddur kolsvartri slá með kraga úr astrakani, hafði barðastóran flókahatt á höfði

og hvítan trefil um hálsinn. Hann lét slána falla á stól í forstofunni og skildi hatt og trefil eftir ofan á frakkanum. Hatturinn datt á gólfið, en hann virtist ekki verða var við það, að minnsta kosti staðnæmdist hann ekki til að taka hann upp, heldur opnaði kjallaradyrnar og lagði af stað niður stigann. Ég tók eftir því að hann stakk við. (s.269-70)

Ef við veltum því fyrir okkur hvað það er sem Ásdís tekur eftir lýsir þessi mannlýsing þeim báðum. Hirðuleysi Atla og skeytingarleysi hans um allt nema sjálfan sig verður okkur strax ljóst, en Ásdís tekur líka eftir því sem veikir hann og það má kannski sjá ákveðna vorkunn í lýsingunni. Hann er fögur og tekinn og stingur við. Kannski eins og hann þurfi einhvern til að styðja sig.

4. **Umhverfi persónu** getur verið stór þáttur í lýsingu hennar. Þetta á t.d. við Ditton Hall og ekki síður það nána samband sem Ásdís er í við húsið. Það er kastali hennar og í vissum skilningi vörn fyrir óþægilegri fortíð, Anthony hefur „bjargað henni frá Íslandi“ (s.172) með því að sækja hana til Englands. Félagslegt umhverfi persónu getur einnig lýst henni. Þannig er Ásdís alls staðar útlendingur eða á jaðrinum. Í Englandi er hún útlendingur, en þegar hún er komin meðal landa sinna á Gullfossi verður tilfinningin fyrir því að þeir séu henni framandi mjög sterk.
5. **Samanburður eða hliðstæður við aðrar persónur.** Það hversu lík eða ólík persónan er öðrum persónum í sögunni getur gefið vísbendingar um hana. Í *Slóð fiðrildanna* er augljósast að bera Ásdísi saman við Jórinni systur hennar. Þær ólíku leiðir sem þær velja sér í lífinu leiða í ljós grundvallarþátt í skapgerð Ásdísar. Viðhorf þeirra til foreldranna eru mjög ólík þar sem Jórunn fetar þá braut sem þau hafa valið henni en Ásdís óhlýðnast þeim í sífellu til að fylgja köllun sinni. Einnig má sjá Anthony sem ákveðna hliðstæðu við Ásdísi. Hann hefur einnig dregið sig í hlé frá lífinu og gefið upp á bátinn möguleikann á ást og kynlífi. Það sem tengir þau saman er ekki ástin heldur afneitan hennar eða missir. Þá má ekki gleyma móður Ásdísar og hliðstæðum í hegðun þeirra. Til dæmis minna viðbrögð Ásdísar við fréttinni af giftingu Marilyn óþægilega mikið á viðbrögð móðurinnar við fréttinni af trúlofun þeirra Jakobs.

Hvers konar persóna er Ásdís þá? Þessa spurningu mætti nota í framhaldi af umræðu um persónusköpun með öllum bekknum eða í smærri hópum þar sem nemendur fengju það verkefni að þúsla saman persónu Ásdísar og ættu að finna dæmi úr sögunni til stuðnings þeim eiginleikum sem þeir nefna. Slík lýsing gæti litið einhvern veginn svona út: Ásdís er kannski fyrst og fremst mjög ákveðin. Hún lætur engan eiga neitt hjá sér. Hún á til þrjósku og jafnvel óbilgírni. Hún stendur vörð um sitt og fær yfirleitt sitt fram. Hún heldur fólki í ákveðinni fjarlægð frá sér og gengur ekki með neinar grillur um sambönd við vini eða elskhuga. Að þessu loknu þyrfti svo að ganga skrefi lengra og velta því fyrir sér hvað það er sem hefur gert Ásdísi eins og

hún er og hvort hún breytist í rás sögunnar. Sem ung stúlka er hún vissulega ákveðin, en hún er opnari og tilbúnari að treysta fólki og gera sér vonir um það. Hvað veldur því að þetta breytist?

Ritunarverkefni

Setjið ykkur í spor einhverrar af eftirfarandi persónum og lýsið persónuleika Ásdísar frá sjónarhorni hans eða hennar:

Móður hennar

Anthony

Marilyn

Hallgríms Pálssonar „Doktors“ í Íslendingasögum

Samskipti persóna

Þótt það komi persónusköpuninni ekki alltaf beint við getur verið nytsamlegt að velta fyrir sér sambandi milli einstakra persóna innan verksins, hvort sem er í umræðum í stórum hóp eða fleiri smáum.

Samband Ásdísar við foreldra sína. Bæði faðir Ásdísar og móðir hafa mikil áhrif á hana jafnvel þótt hún óhlýðnist þeim í sífellu. Þau eru mjög ólík og koma fram við dætur sínar á ólíkan hátt. Faðirinn er umburðarlyndur og getur augljóslega sett sig í annarra spor. Móðirin er hins vegar óbilgjörn og krefst skilyrðislausrar hlýðni af dætrum sínum. Svo má aftur velta því fyrir sér hvaða áhrif slík hlýðni og slík bæling hafa á líf dætranna. Að hve miklu leyti má rekja þunglyndi Jórunnar til þessa t.d.? Eins mætti spyrja hvoru foreldranna Ásdís líkist meira. Yrði hún sáttt við svarið við þeirri spurningu?

Ritunarverkefni

Þegar Ásdís finnur bréfið frá móður sinni hjá Jórunni systur sinni hefur hún sjálf skrifað móður sinni bréf þar sem hún skýrir sína hlið málanna. Við fáum aldrei að sjá það. Skrifðu þetta bréf.

Samband Ásdísar og Marilyn. Þetta er nokkuð flókið samband, sem spannar allan skalann frá því að vera einhvers konar móður-dóttur samband yfir í grimma samkeppni, að minnsta kosti frá hendi Ásdísar. Marilyn er merkileg persóna í sögunni ekki síst fyrir það að engin önnur persóna gefur lesandanum betra færi á því að skoða Ásdísi með gagnrýnum augum og koma auga á galla hennar. Ef við sem lesendur setjum okkur í spor Marilyn þegar Ásdís hrekur hana frá sér (sem við hljótum eiginlega að gera) verður Ásdís býsna óbilgjörn og satt að segja heldur óþolandi persóna. Marilyn er líka nákomnari Ásdísi en margir aðrir vegna þess að hún á sér

sömu köllun í matargerðarlistinni. Þær eru nánar vinkonur og kannski nánari en systurnar nokkurn tíma. Barnleysi Marilyn hefur auðvitað líka þýðingu fyrir söguna.

Samband Ásdísar og Anthonys. Um það var aðeins fjallað hér að framan. En það má velta því aðeins meira fyrir sér og einnig því hvaða hlutverki það gegnir í sögunni. Ásdís segir sjálf:

Punktar til umræðu

- _ Hver hefur mest áhrif á mótun persónu Ásdísar og það hvernig hún bregst við örlögum sínum. Móðir hennar, faðir, einhver önnur af persónum bókarinnar?
- _ Hvernig persóna er Ásdís? Líkar okkur við hana? Nýtur hún samúðar lesandans? Leitar hún eftir slíkri samúð?
- _ Hvers vegna man Ásdís ekki hvernig Jakob leit út, en lýsir Atla nákvæmar en nokkurri annarri persónu?
- _ Hvers vegna leitar Ásdís Atla Bollason aldrei uppi og gerir upp sakirnar við hann og vafasama fortíð hans í Þýskalandi?
- _ Hvernig myndum við lýsa sambandi Ásdísar og Anthonys? Er það eins konar varnarbandalag gegn heiminum, byggt á því að blekkja aðra, sbr. orð frænkunnar um að þau ættu að láta þússa sig saman (s. 194)
- _ Hvað segja einstakar frásagnir okkur um persónuleika Ásdísar? Hér mætti nefna söguna af samskiptum hennar við iðnaðarmennina, eða þegar hún hræðir Anthony með kýli á baki hans (s. 75-76) eða þegar hún kemur að þýskum hjónum í villtum SM ástarleik (s. 37-39).
- _ Þegar Ásdís fær bréf frá Marilyn eftir heimsókn sína ályktar hún á þennan veg: „Hún er brosandí á myndinni og eftir því sem ég les bréf hennar gaumgæfilegar, sannfærast ég æ betur um það að samtal okkar um kvöldið hafi orðið henni til góðs“ (s.365) Er þetta sennileg túlkun hjá Ásdísi? Hvað með hana sjálfa, varð kvöldið kannski fyrst og fremst henni til góðs?

Frásagnaraðferð og tími í sögunni

Líklega er fyrsta skrefið í því að nálgast (frásagnar)bókmenntir á annan hátt en sem hreinan skemmtilestur að læra að gera greinarmun á höfundum og sögumanni skáldverks. Þetta er ekki vandamál í *Slóð fiðrildanna* þar sem hún er sögð af sögumanni í fyrstu persónu, auk þess sem sögumaður er af annarri kynslóð og öðru kyni en höfundur. En það er kannski auðveldara að sýna fram á þennan eiginleika frásagna einmitt vegna þessa. Sú sem segir söguna, Ásdís, er augljóslega tilbúningur höfundarins. Þess vegna ætti líka að vera hægt að velta upp hugtakinu söguhöfundur, en að baki sögumanninum Ásdísi hlýtur að vera einhver skapari, einhver höfundur í verkinu sem hefur ákveðnar hugmyndir og skoðanir. Hér mætti nota tækifærið, jafnvel í ljósi umræðna um feril Ólafs Jóhanns, til að ræða um það hvernig þessi söguhöfundur er ekki Ólafur Jóhann heldur hluti af textanum.

Þetta ásamt umfjöllun um sögumanninn Ásdísi og frásagnaraðferð sögunnar getur orðið leið inn í verkið. Þegar við erum komin með það á hreint að sögumaðurinn Ásdís er tilbúningur og að það er einhver óræður plús x sem kallast söguhöfundur á ferð í textanum getum við aðeins slitið okkur frá persónunni Ásdísi, gengið í kringum hana og velt fyrir okkur spurningum eins og „Af hverju segir hún frá í þeirri röð sem hún gerir?“ „Af hverju segir hún okkur oft frá sömu atburðunum?“ „Getum við trúað öllu sem hún segir?“ Allt leiðir þetta auðvitað að því að velta fyrir sér hvernig skáldverkið virkar, ef svo má að orði komast, hvernig fer það að því að gera okkur spennt, reið, óþolinmóð og svo framvegis. Það er lífseig vitleysa að það að taka skáldverk í sundur og greina það eyðileggi alla ánægju af því að lesa bókmenntir. Ef rétt er á málum haldið er hægt að fá nemendur með í að greina skáldverk þannig að það dýpki verkið og auki á ánægjuna af því að lesa.

Auk þess að vera aðalpersóna sögunnar er Ásdís sögumaður hennar, hún er það sem í frásagnarfræði er kallað innri sögumaður, sjónarhorn hennar er innra sjónarhorn, hún tekur þátt í þeim atburðum sem hún segir frá. Hún er fullkomlega áreiðanlegur sögumaður, hún lýgur ekki að lesandanum, hún leynir ekki upplýsingum nema til þess að auka á spennu eða vegna þess að það er henni sjálfri óþægilegt að rifja þær upp eða horfast í augu við þær. Aftur á móti eru túlkanir hennar á viðbrögðum annarra ekki alltaf jafnáreiðanlegar.

Tíminn í sögunni

Þótt e.t.v. sé ekki hægt að ætlast til þess að nemendur greini söguna eftir flóknum módelum frásagnarfræðinnar er hún að mörgu leyti vel fallin til að ræða með þeim frásagnartækni yfirleitt og hvaða aðferðum skáldsagnahöfundar beita til að segja sögu.

Kaflarnir í *Slóð fiðrildanna* eru stuttir, flestir rúma aðeins eitt atriði eða eina frásögn (frá þessu eru þó undantekningar). Stundum minnir þessi aðferð á kvikmynd, þar sem hvert atriði gerist innan afmarkaðs tíma og rýmis. Oft og tíðum eru tekin stökk í tíma og rúmi milli einstakra kafla og lesandinn þá skilinn eftir til að velta fyrir sér framhaldinu og tengslum þess sem sagt hefur verið frá við aðra atburði sögunnar.

Einkum er fróðlegt að skoða tímann í sögunni. Frásagnarfræðingar hafa fjallað mikið um tengsl **sögutíma** og **frásagnartíma**. Þessar skilgreiningar byggjast á greinarmun milli **sögu** og **texta** og **frásagnar** eða frásagnarathafnar. „Saga er atburðarásin í rétttri tímaröð ásamt persónum og umhverfi sem snertir þá atburði; texti er sú ræða þar sem sagt er frá atburðum sögunnar, með tilheyrandi uppstökkun í tímaframvindu o.s.frv. Textinn hefur þá sem forsendu einhvern sem talar eða skrifar og sú athöfn er það sem [Gérard] Genette kallar frásögn.“ (Íslensk stílfraði, s.125) Sögutími er þá skilgreindur sem tími atburða sögunnar, frásagnartími sá tími sem frásögnin sjálf fer fram á. Tíma í frásögnum kannar Genette út frá þremur hugtökum, dvöl, tíðni og röð. Tíðnin skiptir nokkru fyrir *Slóð fiðrildanna*. Að vísu er sjaldan beinlínis sagt frá sömu atburðunum oftari en einu sinni, en þeir eru gefnir í skyn og sambærilegar aðstæður koma fyrir oftari en einu sinni. Eitt dæmi verður að nægja um þetta: Atli gengur þrisvar niður stigann í kjallaraherbergi sitt, tvisvar studdur af Ásdísi en einnig einsamall og haltrandi í fyrsta sinn sem þau sjást.

Það sem skiptir mestu máli í sambandi við *Slóð fiðrildanna* er röðun söguatburðanna innan frásagnarinnar. Þessu sambandi getur verið háttað á ýmsan veg. Eðlileg tímaframvinda kallast það þegar frásagnartími og sögutími fara saman, sagt er frá atburðum um leið og þeir gerast. Þetta þekkja nemendur kannski best úr bíómyndum þar sem þetta er ráðandi frásagnarháttur. Afturgrip eru einnig þekkt úr heimi kvikmyndanna, ætli flestir nemendur þekki þau ekki undir enska heitinu „flashback“.

Frásögn *Slóðar fiðrildanna* er ekki sögð í einfaldri tímaröð heldur einkennist hún af afturgripum til ólíkra tímaskeiða og upprifjunum þar sem hugrenningatengsl sem stundum liggja ekki í augum uppi ráða röð atburða í frásögninni fremur en tímaröð.

Sögunni vindur fram á tveimur tímaplönnum og segja má að þar séu sagðar tvær, en þó mjög nátengdar sögur. Þótt það sé örlítill einföldun má segja að önnur sagan gerist í frásagnartíma, og sagt sé frá atburðum því sem næst um leið og þeir gerast, hin gerist öll í upprifjun.

Ef við leysum frásögnina upp mætti endursegja sögunnar tvær á eftirfarandi hátt.

Frásagnartími: Ásdís fær fréttir af því að hún sé með ólæknandi sjúkdóm. Þá ákveður hún að snúa aftur til Íslands í síðasta sinn. Hún ferðast um sveitir Englands til Leith og tekur sér far með Gullfossi. Hún býr í Reykjavík í nokkra daga og sér í fyrsta sinn í tuttugu ár son sinn sem hún gaf frá sér nýfæddan. Að því loknu snýr hún aftur til Englands þar sem hún öðlast frið.

Sögutími: Ásdís elst upp á Kópaskeri hjá foreldrum sínum læknishjónunum. Hún fer til náms í Verslunarskólanum í Reykjavík en meðan á dvöl hennar þar stendur fær hún áhuga á matreiðslu. Hún fer að vinna á Hótel Borg, og í framhaldi af því kemst hún í læri hjá virtum matreiðslumanni í London. Þar verður hún ástfangin af þýska gyðingnum Jakob Himmelfarb, og dvelur með honum í enskri sveit um tíma. Þau trúlofa sig, en Jakob snýr aftur til Þýskalands til að bjarga foreldrum sínum úr klóm nasista. Þegar ógnir stríðsins koma í ljós flytur Ásdís aftur til Íslands þar sem hún fær vinnu sem matráðskona hjá Dr. Bolla Haraldssyni og geðsjúkri konu hans. Hún sefur einu sinni hjá syni þeirra Atla Bollasyni en uppgötvar stuttu seinna að hann er nasisti og hefur komið í útrýmingarbúðir þar sem allar líkur eru á að Jakob sé vistaður. Þegar hún uppgötvar að hún er ólétt eftir Atla flýr hún á náðir föður síns. Þar fæðir hún barnið sem komið er í föstur hjá sjómannshjónum í nágrenninu. Eftir þetta flytur hún aftur til Englands þar sem hún setur á stofn hótél með Anthony, sameiginlegum vini þeirra Jakobs. Eftir stríð fær hún endanlega staðfestingu þess að Jakob sé látinn.

Ritunarverkefni

Segið sögu Ásdísar alla í 200-300 orðum með orðum hennar sjálfar, án útúrdúra og í rétttri tímaröð.

Frásögnin skiptist í 6 hluta, og það er ferðalag Ásdísar í frásagnartíma sem skiptir bókinni upp í hluta.

1. Bls. 7-45. Í fyrsta hlutanum er Ásdís stödd á heimili sínu í Ditton Hall og rifjar upp kvöldið áður í afturgripi, en þá hafa þau Anthony boðið nokkrum vinum sínum og starfsfólki til kvöldverðar. Einnig hvarflar hugur hennar til læknisheimsóknar stuttu áður, til tímans sem hún eyddi í Reykjavík eftir að hún sneri aftur frá Englandi (s.11-12) og til samskipta hennar við Atla Bollason sem við vitum þó mjög lítið um ennþá. Jafnframt rifjar hún upp samskipti sín við enska blaðamenn sem þó fjalla um hótelið á mjög jákvæðan hátt.
2. Bls. 48-101. Í öðrum hluta er Ásdís stödd á ferðalagi til móts við Gullfoss sem mun flytja hana til Íslands. Hún ferðast með leigubíl og borðar og gistir eina nótt á litlu gistiheimili. Hún heimsækir einnig Marilyn, gamla vinkonu sína, og talar við

hana. Hér rifjar hún upp kvöldið áður þegar hún deildi við sambýlismann sinn um leigubílsferðina, upphaf hótélrexturs síns, æsku sína á Kópaskeri, og kynni sín af Jakobi. Hér kemur einnig fram hvatinn að skrifum Ásdísar sem er dagbók sem Anthony hefur gefið henni. Hún rifjar líka upp upphafið að matarástríðu sinni og ákvörðun sína um að flytja til London, þvert gegn vilja móður sinnar en með tregu samþykki föður síns. Öðrum hluta lýkur á bréfi frá föðurnum þar sem þetta kemur fram.

3. Bls. 104-50. Í þriðja hluta er Ásdís stödd um borð í Gullfossi á leið til Íslands. Þannig tengja siglingar frá Íslandi til Englands og frá Englandi til Íslands annan og þriðja hluta bókarinnar. Hér verður frásagnartíminn fyrirferðarmeiri, Ásdís virðir fyrir sér meðfarþega sína, Íslendinga sem eru orðnir henni mjög framandi og fara jafnvel í taugarnar á henni. Skrifin og vinna hennar með minningar verður líka áberandi hér. Afturgripin halda samt áfram að vera aðalatriðið, í þriðja hluta rifjar Ásdís upp kvöldverð þeirra Marilyn kvöldið áður, kynnum þeirra Jakobs er lýst nánar og hún segir frá fyrsta fundi þeirra og slæmum fyrirboða sem henni finnst hafa birst sér. Eftir frásögnina af fyrstu kynnum þeirra Jakobs birtist doktorinn íslenski sem minnir Ásdísi greinilega á Atla.
4. Bls. 152-220. Í fjórða hluta er frásagnartíminn ennþá ferð Ásdísar til Íslands með Gullfossi. Hér fá afturgrip aftur mikið rúm. Ásdís rifjar upp líf þeirra Jakobs saman í Englandi, trúlofun þeirra og viðbrögð móður hennar. Einnig áhyggjur Jakobs af foreldrum sínum og áhrif Kristalsnæturinnar á líf þeirra. Hér eru líka rifjuð upp atvik úr lífi þeirra Anthonys saman, sagt frá því þegar Ásdís uppgötvar kynhneigð hans, atvikinu þegar hann spilar frá sér húsinu í fylleríi. Í fjórða hluta eru einnig tveir kaflar sem tilheyra eiginlega ekki frásögninni sjálfri heldur einkennast af vangaveltum. Þetta eru kaflinn þar sem Ásdís ávarpar Guð í magnleysi sínu og reiði (s. 190-92) og annar kafli þar sem augnaráð skaparans og augnaráð móðurinnar renna saman í vitund Ásdísar (210-12). Fjórða hluta lýkur með því að Ásdís rifjar upp ákvörðun sína um að flytja til Íslands. Að því loknu er farið aftur í frásagnartíma og hlutanum lýkur með landtöku á Íslandi þar sem Ásdís bókar sig inn á Hótel Borg.
5. Bls. 222-91. Frásagnartími fimmta hluta eru dagarnir eftir komu Ásdísar til Íslands þar sem hún gistir á Hótel Borg. Flest afturgripin eru til vistar hennar á Fjólugötu 56 á heimili Dr. Bolla Haraldssonar. Ásdís rifjar einnig upp bréf móður sinnar til Jórunnar sem hún les og það hvernig samband hennar við Jórinni raknaði smám saman upp. Hér kemur Atli til sögunnar. Hann minnir Ásdísi á það sem hún heldur vera sameiginleg tengsl þeirra við Þýskaland. Í lok þessa hluta sefur hún hjá Atla og þar renna þeir næstum því fullkomlega saman hann og Jakob.

6. Bls. 294-367. Í sjötta hluta er Ásdís enn stödd á Hótel Borg allt þar í síðasta kaflanum. Hún rifjar það upp þegar hún gaf upp alla von um að sjá Jakob aftur ásamt veikindum og dauða móður sinnar. Þá rifjar hún upp jól á Fjólugötunni þar sem hún verður vitni að ræðu Atla um raunverulegt líf sitt í Þýskalandi. Í kjölfar þess rifjar hún upp heimsókn sína til læknis og mánuðina á Kópaskeri. Inn á milli þessara atriða fáum við að sjá Ásdísi ráðleggja þjónustustúlku á Hótel Borg. Við sögulok erum við alveg í frásagnartímanum, Ásdís hittir Dr. Bolla, sinn gamla húsbónda, fer að útskrift sonar síns og skiptist á orðum við hann. Í lokakafla sögunnar er Ásdís svo aftur stödd í Englandi, þar sem hún er fullkomlega sátt. Hún þarf ekkert lengur að sækja til Íslands.

Eins og sjá má eru atburðir ekki raktir í rétttri röð þegar frá er talið ferðalagið í frásagnartímanum. Fyrsta vísbendingin um Atla Bollason kemur strax í fyrsta hluta, áður en við vitum nokkuð um t.d. uppvöxt Ásdísar á Kópaskeri eða nám hennar í matargerðarlist í Reykjavík og London. Ég hef ekki fundið neina reglu í því hvernig minningabrotum Ásdísar er raðað upp. Þó má sjá að atburðir eru nær alltaf gefnir í skyn með einhvers konar fyrirboða áður en þeim er lýst til fullnustu. Segja má að það séu tvö atriði sem ráða niðurröðun efnisins. Annars vegar tilviljun, en frásögn Ásdísar er sett í búning upprifjunar, hún skrifar hitt og þetta hjá sér í dagbók sem Anthony gefur henni áður en hún hefur ferð sína (s. 60). Þetta er auðvitað hluti af listrænni blekkingu sögunnar. Hins vegar eru atriðin rifjuð upp þannig að þau vekja spennu og eftirvæntingu í huga lesandans. Þetta hljótum við að skrifa á reikning söguhöfundar sem stendur að baki sögu Ásdísar og fellir hana í form skáldsögunnar. Notkun fyrirboða og véfréttarlegra orða t.d. um blá augu og brún (s.34) falla í þennan flokk. Þó mætti segja að þetta rjúfi ekki hina listrænu blekkingu þar sem það er sálfræðilega sannfærandi að Ásdís þegi yfir því sem er erfiðast fyrir hana að rifja upp, eins lengi og hún getur.

Eitt af því sem þessi bygging frásagnarinnar kemur til leiðar er að gera frásögn Ásdísar miklu meira spennandi en ef hún væri sögð í eðlilegri tímaröð. Ásdís er sögumaður sem veit miklu meira en lesandinn á öllum stigum sögunnar. Hún velur í hvaða röð hún upplýsir okkur um leyndarmálin úr fortíð sinni, og þetta er ljóst strax frá byrjun, fyrirboðarnir í sögunni eru besta dæmið um þetta.

Lesefni:

Þorleifur Hauksson (ritstjóri) og Þórir Óskarsson: *Íslensk stílfræði* Mál og menning 1994, 123-26.

Umræðupunktur

- _ Hvað knýr Ásdísi til að segja sögu sína?

- _ Hvaða þýðingu hefur kaflinn um bernskuminingar Ásdísar frá Kópaskeri fyrir frásögnina í heild?

- _ Í frásögninni er birt nokkur bréf (s.79, 84-85, 92, 97-98, 101) Hvaða hlutverki gegna þessi bréf og hvernig bréf velur Ásdís til birtingar (okkur er líka sagt frá bréfum sem við fáum ekki að sjá t.d. s. 233)

- _ Ein af endurtekningunum í sögunni er setningin „Er stundum betra að vita sem minnst?“ Hr. Wakefield segir þetta fyrst (s.41), Í samtali Atla og Ásdísar kemur fyrir svipuð setning:
Þú ættir kannski að drekka minna, áræddi ég að segja.
Hann brosti.
Það er stundum best að vita sem minnst. (s.282)
Hvernig tengist þetta sögu Ásdísar? Væri hún betur sett hefði hún vitað minna?

Nokkrar leiðir til túlkunar

Hér á eftir eru þrjár leiðir sem nota má til að túlka söguna alla. Þær útiloka alls ekki hver aðra, en eiga að sýna hversu margþætt sagan er. Í lok þessa hluta er svo stungið upp á nokkrum leiðum í viðbót sem minna er unnið úr.

1. Ásdís sem listamaður. Það eru augljósar hliðstæður með lífshlaupi Ásdísar og þroskasögu listamanns eins og við þekkjum þær úr heimsbókmenntunum, jafnvel listamanns sem þarf að lifa í útlegð til að helga sig list sinni. Matargerðarlistin verður henni snemma köllun og til að sinna þeirri köllun verður hún að kljúfa sig frá fjölskyldu sinni og yfirgefa heimaland sitt. Ýmislegt sem hún segir bendir einnig til þess að sjálfsmynd hennar sé órjúfanlega tengd matargerðinni og að matargerðin sé henni persónuleg tjáning fremur en iðngrein eða þjónusta. Snemma í sögunni segir Ásdís:

Ég ætla líka að reyna að halda áfram þessu pári mínu. Mig langar jafnvel að reyna að setja á blað einhverjar hugleiðingar um matargerð, því ég hef oft verið beðin um uppskriftir og ráðleggingar, en sjaldan látið verða af því að setja neitt á blað nema sjálfri mér til minnis. Ástæðan er eflaust sú að ég hef löngum haft ímugust á öllum tilhneigingum til að beita formúlum og vísindalegri nákvæmni við matargerð. Mér hefur líka fundist maturinn sjálfur koma því best til skila sem mér býr í brjósti á hverjum tíma og sé ekki hvernig ég á að koma orðum að þeim kenndum. Þar að auki finnst mér einhver hroki í nákvæmum uppskriftum og kann illa við að segja fólki fyrir um hvernig það eigi að haga sér við matargerð.

Í fyrradag laumaði ég til að mynda fáeinum fikjum í kjúklinginn sem ég steikti. Ég gerði það á síðustu stundu því mér datt allt í einu í hug að Anthony þætti gott að finna keim af fikjum þegar hann bragðaði á fuglinum. Þóttist sjá það á svip hans þegar hann kom lallandi af tennisvellingum. Stundum elda ég snigla í hunangi af þeirri ástæðu einni að ég hef séð býflugur flögra um í sólskininu; stundum minnir kvakandi fugl á grein mig á að setja bláber eða rifsber í sósu sem ég er að útbúa; stundum hreyfir vindurinn tjöldin fyrir litla glugganum í horninu hjá mér og þá finnst mér ég mega til með að baka kanilperur með kálfakjötinu sem ég er með í höndunum. Hvers vegna? Flutti golan mér ilm af kryddi frá fjarlægum löndum? Færði hún mér skilaboð frá einhverjum sem var að hugsa fallega til mín?(s. 82)

Ásdís lítur þannig á matargerð sem sinn tjáningarmáta og farveg fyrir tilfinningar. Í fyrsta sinn sem við sjáum þetta viðhorf hennar er hún spurð hvernig hún fari að því að elda svona góðan mat. Svarið er athyglisvert. Hún ber fyrir sig svar eins kennara síns, frú Brown við spurningunni um hvað góðir kokkar þurfi að hafa til að bera: „Þeir þurfa að vera bersyndugir. Ég hváði. Já, sagði hún þá, þeir þurfa að vera svo syndugir að eina lausnin fyrir þá sé að gleðja aðra með góðum mat.“ (s. 32). Þetta svar eykur auðvitað á eftirvæntingu lesandans, hann fer að velta fyrir sér hvaða syndir það séu sem gera Ásdísi sjálfa að svo góðum kokki. En þetta birtir líka afstöðu Ásdísar til

matargerðar sem minnir á afstöðu listamanns til sköpunarverks síns. Hún verður að gefa sig alla í verkið og verkið verður að endurspegla sál hennar sjálfrar til að það sé vel heppnað.

Svo mætti ef til vill ganga aðeins lengra í þessari þælingu með listamanninn Ásdísi. Hún matreiðir t.d. langoftast fugla og talar mest um matreiðslu þeirra, jafnvel villibráðar. Ef hún væri íslenskur málari erlendis sem málaði eintómar fuglamyndir væri auðvelt að sjá þetta sem tákn fyrir heimþrá, rötleysi jafnvel. Á það sama við um matargerð/listsöpun Ásdísar?

Viðbrögð Ásdísar við gagnrýni eru líka mjög hörð og styðja enn frekar samlíkinguna með henni og listamanni, t.d. á bls. 25-29 og þó einkum 174-77.

2. Örlagahyggja og trú í *Slóð fiðrildanna*.

Tveir kaflar í frásögn Ásdísar hafa nokkra sérstöðu. Þeir eru ekki hluti af frásögninni sem slíkri, heldur vangaveltur um trú. Þetta eru tveir kaflar í IV. hluta, sá fyrri hefst á síðu 190, sá síðari á síðu 210. Í fyrri kaflanum ávarpar Ásdís Guð beint og veltir fyrir sér trú sinni. Hún virðist nokkuð þokukennd, og ekki sérlega úthugsuð, og hugleiðingarnar enda án þess að hún komist að nokkurri niðurstöðu. Við vitum þó að hún telur sig kristna. Jakob segir við hana þegar hún spyr um trú foreldra hans: „Þau hafa sama umboðsmann og þú, sagði hann og brosti. Lúter gamla. Sjálfur sagðist hann trúa á sólina, tunglið og stjörnurnar.“ (s. 152) Í seinna skiptið sem hún veltir fyrir sér Guði verður hins vegar ljóst hvernig örlagahyggjan og guðshugmynd Ásdísar fléttast saman. Kaflinn sem hefst á síðu 210 byrjar með orðunum: „Fyrir augliti skaparans. Það var mamma vön að segja við okkur krakkana þegar henni mislíkaði eitthvað.“ Í lok kaflans er þetta augnarád runnið saman við móðurina: „Þetta var augnarád móður minnar. Það var það sem hafði elt mig öll þessi ár.“ (212) Að sumu leyti held ég að lesa meg þennan kafla sem lykilkafli í verkinu. Móðirin eltir Ásdísi allt hennar líf eins og refsandi guð eða skapanorn. Ásdís sjálf virðist haldin einhvers konar örlagatrú. Eftir að hún hefur rifjað upp fyrstu kynni þeirra Jakobs segir hún: „Ég hefði átt að skynja að það var verið að vara mig við, ég hefði átt að sjá það í hendi mér, því ég trúi ekki á tilviljanir og skrípaleikur Doktors Kívans hlaut að vera slæmur fyrirboði.“ (s.143) Fleiri dæmi eru um svipaða hugsun í orðum Ásdísar sjálfrar. Á síðu 145 segir hún „Ég tek nærri mér að rifja það upp hvað ég var mikill einfeldningur á þessum árum, hvað ég var blind. Auðvitað elskaði ég Jakob meira en orð fá lýst, en hvað er ást annað en eftirsókn eftir vonbrigðum?“ En er ekki uppsprettu þeirra að finna í orðum móðurinnar þegar hún fréttir af trúlofun Ásdísar og Jakobs: „Af svona framferði hlýst ekkert nema ógæfa. Ekkert nema ógæfa, Ásdís.“ (s.159). Þetta reynast áhrinsorð og styrkja kannski enn frekar tilfinningu lesandans fyrir því að Ásdís sé í valdi móður

sinnar langt umfram það sem hún sjálf gerir sér gein fyrir og að sektarkenndin gagnvart móðurinni sé eitt af því sem mótar skapgerð hennar.

Þetta má jafnframt tengja frásagnaraðferðinni. Ásdís segir sögu sína þannig að hún er vörðuð fyrirboðum um ógæfuna. En er þetta rökrétt? Byggist ekki frásagnaraðferðin á örlagatrú Ásdísar sem aftur er hennar aðferð við að ljá sögu sinni samhengi og merkingu?

Ritunarverkefni

Ásdís segir á s.143. „Leikslokin virtust óumflýjanleg, augljós jafnvel kvöldið sem hann bað mig að trúlofast sér. Hefði ég munað eftir doktor Kívan á þeirri stundu og íslenska dvergnum sem hann taldi fólki trú um að væri ófreskja, hefði ég skilið að þannig var heimurinn orðinn, og þá myndi allt hafa farið á annan veg. Allt.“ Útskýrið hvers vegna Ásdísi finnst skrímslasýning doktorsins vera fyrirboði um hennar eigið líf.

3. Sekt og sakleysi.

Enn hvíslar röddin í hugskoti mínu: Þú getur sjálfri þér um kennt.

Hvíslar án afláts í svefnrofunum, þegar tunglið sveiflast yfir mér eins og ljósker í vindi og líka þegar kvöldar og sólin felur sig í blygðun bak við ský. Hvíslar án afláts, eltir mig á röndum, lætur mig ekki í friði: Við hverju bjóstu? Þú getur sjálfri þér um kennt.(s.288).

Getur Ásdís sjálfri sér um kennt? Bókin veitir engin einföld svör við þessu. Þó má velta fyrir sér hlutskipti nokkurra af persónunum út frá hugtökunum sekt og sakleysi.

Hér er Ásdís sjálf náttúrlega miðlæg eins og í sögunni allri. Tvennt skiptir máli hér. Annars vegar má velta því fyrir sér hvort örlög Ásdísar séu sjálfskaparvíti. Finnst lesandanum að hún hafi sjálf kallað yfir sig örlög sín? Hins vegar má velta því fyrir sér hvernig Ásdís sjálf upplifir atburðina og hvort hún sem sögumaður sé sannfærð um eigin sekt og reyni að miðla henni til lesandans. Lesandinn gæti komist að þeirri niðurstöðu að Ásdís sé saklaust fórnarlamb. Hún hafi ekki vitað hvaða afleiðingar gjörðir hennar höfðu og að tilviljuninni einni sé um að kenna. En þá er kannski botninn úr sögunni.

Á hinn bóginn mætti skoða sögu Ásdísar sem harmleik (tragedíu). Aristóteles komst þannig að orði um aðalpersónu harmleiks að hún ætti ekki að vera afburðamaður sem steipt væru í ógæfu, eða gjörspilltur maður sem fengi makleg málagjöld heldur „maður, sem stendur mitt á milli þesssa tvenns. Það er sá sem hvorki skarar framúr að dyggð eða réttlæti né ratar í ógæfu sakir mannvonzku eða ópökkaskapar, heldur einhvers misferlis.“ (Um skáldskaparlistina, s. 65) Ógæfa Ásdísar skapast af slíku misferli og vegna þess að hún getur ekki vitað afleiðingar gjörða sinna. Rétt eins og Ödipus veit ekki að Lajos er faðir hans þegar hann drepur

hann getur Ásdís ekki vitað að Atli er „einn af böðlunum“ þegar hún sefur hjá honum. Um Ásdísi er þannig hægt að segja eins og um hetju í harmleik, að hún verður „fyrir því að þola eða gera skelfilega hluti“ (Um skáldskaparlistina, s.65) og hvorki hún né aðrir hafa þá vitneskju sem þarf til að afstýra þeim.

Ásdís veltir aðeins fyrir sér eigin ábyrgð. Eigin sekt. En hvað með aðrar persónur sögunnar? Hver er ábyrgð Atla? Og hvað með móður hennar sem yfirgefur hana, jafnvel Jakob sem fer frá henni á óvissutímum? Ber hann enga ábyrgð?

Punktur til umræðu

- _ Nokkur tákna koma fyrir í sögunni, er hægt að túlka söguna út frá þeim? Hér má t.d. skoða dýrin sem verða á vegi Ásdísar. Hestar koma nokkrum sinnum fyrir. Þeir eru augljós feigðarboði við Ditton Hall (s. 8, 265) þá þegar bílstjórinn sem keyrir Ásdísi til Akureyrar keyrir á hvítan hest (303), og loks í lok sögunnar þegar Ásdís er komin heim og hana dreymir tvo hesta (367). Einnig mætti velta fyrir sér svaninum sem Hallur Steinsson á í útistöðum við (s. 235-37) og íkornunum tveimur sem Ásdís fylgist með í lokakaflanum (s. 264) annar þeirra er örlítið haltur (eins og Atli). Endurspeglar þessi dýr á einhvern hátt hlutskipti persóna í sögunni eða eru þau notuð til að lýsa þeim?
- _ Þunglyndi og geðveiki í sögunni. Bæði Guðrún húsfreyja á Fjólugötunni og Jórunn systir Ásdísar þjást af þunglyndi. Hvaða merkingu hefur þessi sjúkdómur í sögunni og hvað með jólin ímynduð og raunveruleg?

Ritgerðarefni

Margt af því sem sett er fram í einstökum köflum sem punktar til umræðu mætti nota sem ritgerðarefni úr sögunni. Hér á eftir fylgja nokkur til viðbótar sem hafa almennari skírskotun til sögunnar allrar.

Slóð fiðrildanna og seinni heimsstyrjöldin

Sögumannsaðferð *Slóðar fiðrildanna*

Persónusköpun Ásdísar

England og Ísland í *Slóð fiðrildanna*

Táknræn merking matargerðar í *Slóð fiðrildanna*

Slóð fiðrildanna sem ástarsaga

Slóð fiðrildanna sem harmleikur

Trú og forlagahyggja í *Slóð fiðrildanna*

Viðtökur *Slóðar fiðrildanna*

Viðauki

Bygging sögunnar og tímaframvinda

I. HLUTI

1. S. 7 FRÁSAGNARTÍMI Í Englandi. Ásdís býst til brottfarar
2. S. 11 AFTURGRIP Upprifjun á Fjólugötunni og eldhúsinu þar.
3. S. 13 FRÁSAGNARTÍMI Aftur í Englandi. Anthony kemur til skjalanna.
4. S. 15 AFTURGRIP Upprifjun á síðasta hausti þegar úrskurður kemur frá lækni um heilsu Ásdísar.
5. S. 17 AFTURGRIP Framhald á sama. Sjálf læknisheimsóknin.
6. S. 19 AFTURGRIP Kvöldverður með starfsfólki og vinum á Ditton Hall kvöldið áður en Ásdís fer. Ræða Anthony's.
7. S. 25 AFTURGRIP Lýsing á Ditton Hall úr ensku tímariti
8. S. 27 AFTURGRIP Framhald og lýsing heimsókn blaðamannanna þegar hvatvísi Ásdísar kemur þeim næstum í koll (29).
9. S. 30 AFTURGRIP Áfram lýsing á kvöldverði – leyndardómurinn á bak við matseld Ásdísar er að vera nógu syndugur.
10. S. 34. AFTURGRIP Hér fléttast saman tvær minningar, annars vegar nóttin í kjallaranum. Hins vegar þegar Ásdís ryðst inn á þýsku hjónin.
11. S. 40 AFTURGRIP Enn kvöldverðurinn. „Er stundum betra að vita sem minnst.“
12. S. 42 AFTURGRIP Kvöldið áður. Kveðja Anthony's.

II. HLUTI

1. S. 48 AFTURGRIP. Að því er virðist daginn áður. Anthony og Ásdís deila um kaup og kjör bílstjórans.
2. S. 52 FRÁSAGNARTÍMI Ferð Ásdísar með leigubílstjóranum.
3. S. 55 FRÁSAGNARTÍMI aftur, þaðan aftur í upprifjun á upphafi hótélreksturs.
4. S. 57 FRÁSAGNARTÍMI Ásdís á gistiheimilinu, borðar eggjaköku og segir anekdotu.
5. S. 60 FRÁSAGNARTÍMI Á gistihúsinu. Ásdís segir frá því að hún skrifi í dagbók sem Anthony gaf henni. Hún hugsar stuttlega heim á Kópasker.
6. S. 63 AFTURGRIP Kópasker, fæðing yngri systurinnar
7. S. 69 AFTURGRIP Ásdís rifjar upp gönguferðir í Ditton. Þaðan förum við til Kópaskers. Og aftur til Ditton. Gott dæmi um margfalt tímaplan.
8. S. 71 Á ferðalaginu áfram. Gamalt gróðurhús kveikir minningu um Jakob. S. 73 Vangaveltur um dauðahræðslu. Staðsetning svolítið óljós, þó greinilega í Englandi.
9. S. 77 NÝR FRÁSAGNARTÍMI Systurnar á ferð til Reykjavíkur sagt frá í nútíð. S. 79 AFTURGRIP bréf Ásdísar til mömmu sinnar þar sem hún segir frá mataráhuga sínum í fyrsta sinn.
10. S. 81 FRÁSAGNARTÍMI Ásdís veltir fyrir sér Gullfossi „Mér hefur líka fundist maturinn sjálfur
11. S. 84 Bréf til pabba frá Reykjavíkurdögnum. Hún flytur til Reykjavíkur haust 1934.
12. S. 86 FRÁSAGNARTÍMI Gist hjá Marilyn og sagt frá henni.

13. S. 92 Bréf til mömmunnar, haustið 1935. Ásdís segir frá því að hún sé farin að vinna hjá Hótel Borg.
14. S. 94 AFTURGRIP Marilyn rekin og Ásdís veltir fyrir sér hvort hún hafi verið ósanngjörn við hana.
15. S. 97 AFTURGRIP Bréf til mömmunnar í mars 1936. Ásdís segir frá því að hún sé að fara til Kaupmannahafnar eða London þvert ofan í vilja foreldranna.
16. S. 99 AFTURGRIP Pabbinn kemur til Reykjavíkur til að hitta Ásdísi, endar á því að borða hjá henni

2. III. HLUTI

3. s. 104 AFTURGRIP Jakob við skrifborð
- s. 106 FRÁSAGNARTÍMI Ásdís komin um borð í Gullfoss. Hún horfir á Íslendingana. Danska þjónsins gerir henni grein fyrir því að nú verði ekki aftur snúið.
- S. 109 FRÁSAGNARTÍMI Doktorinn óþolandi í Íslendingasögum. Hnýsni Íslendinga um hana fer í taugarnar á Ásdísi.
- S. 111 Ásdís á Gullfossi með myndir og minningar af því þegar hún kvaddi föður sinn og Jórinni.
- S. 113 AFTURGRIP Til kvöldsins áður? Kvöldverður með Marilyn.
- S. 115 AFTURGRIP Sama. Þær rifja upp fortíðina, frumkvæðið kemur frá Marilyn.
- S. 120 FRÁSAGNARTÍMI Á Gullfossi. Ásdís ákveður að skrifa Marilyn, fer að rifja upp fyrstu dagana í London. Samtal þeirra Marilyn um barnleysi og ættleiðingar rifjast upp. „Ég geri ráð fyrir að það séu margvíslegar ástæður fyrir því að mæður þurfi að gefa börn sín, sagði ég. Og ekki treysti ég mér til að dæma þær.“
- S. 125 AFTURGRIP Fyrstu dagarnir í London. Fríkasýningin í London þar sem Íslendingurinn er sem vitnar í Æra Tobba. Hún hittir Jakob „Jakob Himmelfarb, kynnti hann sig þegar við vorum upprisin.“
- S.137 AFTURGRIP Áfram fyrstu kynni af Jakobi.
- S. 143 AFTURGRIP „Ég hefði átt að skynja það ... Fríkasýningin sem fyrirboði, og aðvörun frá Brown um að Jakob sé gyðingur. Hún rifjar upp samtal við Boulestin um að hún ætli að flytja út á land með Jakobi.
- S. 146 FRÁSAGNARTÍMI Ásdís á Gullfossi, samræður við vélstjóra. Afhjúpun doktorsins. Ásdís sér í honum eitthvað sem hún þekkir og fyrirlítur.

IV. HLUTI

4. S. 152 AFTURGRIP Jakob og bakgrunni hans lýst. Idýllísk lýsing á lífi þeirra tveggja saman.
- S. 155 AFTURGRIP Dagar Jakobs og Ásdísar í kotinu. Bónorð. Viðbrögð móðurinnar: „Af svona framferði hlýst ekkert nema ógæfa.“
- S. 160 AFTURGRIP Heimsókn Davíðs og kærustu hans.
- S. 168 AFTURGRIP Hún fær bréf Jórunnar um fyrirhugað brúðkaup hennar.
- S. 171 AFTURGRIP Fyrstu kynni af Anthony.
- S. 174 AFTURGRIP heimsókn gagnrýnandans og greinaskrif. Hvatvísi Ásdísar veldur því að hún svarar strax.
- S. 178 AFTURGRIP Haustið 1938 er Jakob farinn að hafa miklar áhyggjur af fjölskyldu sinni.

- S.182 AFTURGRIP Þau leigja sér íbúð í london. Þangað koma þau 6. nóv. 1938, og ætla að gifta sig daginn eftir.
- S. 184 AFTURGRIP Kristalsnóttin hefur breytt öllu. Tveimur dögum seinna fer Jakob til Þýskalands í síðasta sinn til að koma foreldrum sínum úr landi.
- S. 190 FRÁSAGNARTÍMI Ásdís situr í Gullfossi og ávarpar Guð í reiði sinni.
- S. 193 AFTURGRIP Samtal við Anthony þar sem ýjað er að kynhneigð hans.
- S. 196 FRÁSAGNARTÍMI Á Gullfossi. Ísland nálgast.
- S. 198 AFTURGRIP Iðnaðarmenn á Ditton Hall. Anthony spilar húsinu frá sér.
- S. 206 AFTURGRIP Heimsókn á lögreglustöð til að bjarga Anthony úr klípu.
- S. 210 Vangaveltur um auglit skaparans sem rennur saman við augnaráð móðurinnar. Sennilega lykilkafli í verkinu.
- S.213 FRÁSAGNARTÍMI FYRST SVO AFTURGRIP Fréttir af Jakobi í Buchenwald. Ásdís ákveður að fara til Íslands.
- S. 216 AFTURGRIP Ákveðið að Ásdís ráði sig til Dr. Bolla.
- S. 219 FRÁSAGNARTÍMI Landsýn á Íslandi. Hún bókar sig inn á Hótel Borg.

V. HLUTI

1. S. 222 AFTURGRIP Fyrsti fundurinn með Dr. Bolla
2. S. 229 AFTURGRIP Áfram á Fjólugötunni.
3. S. 233 AFTURGRIP Ásdís veltir fyrir sér sambandi sínu við mömmu sína. Skrifar henni bréf. Hittir Hall Steinsson fullan og ruddalegan hjá veikum svani.
4. S. 238 AFTURGRIP Ásdís sér bréf móður sinnar. Gleymir barni Jórunnar.
5. S. 242 AFTURGRIP Hernám Breta. Hún heyrir fyrst um Atla.
6. S. 246 AFTURGRIP Ráðamenn fara að tíðka heimsóknir á Fjólugötuna. Hér birtist fyrst hliðstæðan Jakob-Atli.
7. S. 250 AFTURGRIP Haldin jól á Fjólugötu.
8. S. 254 Bréf frá Anthony 24. 7.1940, lesið á Hótel Borg. Hún flettir upp Atla.
- S. 258 AFTURGRIP Upprifjun á sambandsslitum við Jórinni og vaxandi þunglyndi hennar.
9. S. 263 AFTURGRIP Dauði Jórunnar.
10. S. 265 AFTURGRIP Samtal við Marshall gamla.
11. S. 267 AFTURGRIP Atli kemur heim til Íslands.
12. S. FRÁSAGNARTÍMI Á Hótel Borg. Finnur grein úr Daily Telegraph frá 1959, ekki mjög gömul, með samanburði á henni og Marilyn.
13. S. 279 AFTURGRIP Atli og venjur hans. Hún hjálpar honum niður í fyrra sinn.
14. S. 285 AFTURGRIP Picasso myndin.
15. S. 289 AFTURGRIP Nóttin með Atla. „Þú getur sjálfri þér um kennt.“ Jakob og Atli renna saman.

VI. HLUTI

1. S.294 AFTURGRIP Hér fléttast margt saman. Uppgjöf um að sjá Jakob aftur, óbeit á Atla, læknisheimsóknin í Englandi og loks komum við í frásagnartímann þegar Ásdís fer að Fjólugötunni.
2. S.299 AFTURGRIP Í desember 1940 finnst Ásdísi hún vita að Jakob sé dáinn. Þetta staðfestist ekki fyrr en eftir stríð.

3. S. 300 AFTURGRIP Veikindi móðurinnar. Ásdís ferðast norður en kemst ekki nema til Akureyrar.
4. S. 305 AFTURGRIP Föst á Akureyri. „Og þá rennur það upp fyrir mér að ég er að missa stjórn á hugsunum mínum og ég verð hrædd.“
5. S. 309 AFTURGRIP Fréttin af dauða móðurinnar.
6. S.313 AFTURGRIP Jarðarfara dagur móðurinnar. Henni verður hugsað til hans eftir að hún hittir dóttur Jórunnar.
7. S. 317 FRÁSAGNARTÍMI Símtal við Anthony. Hún talar um útskriftina í fyrsta sinn og um „hann“. Rifjar upp þegar þau komu að sækja hana.
8. S. 321 AFTURGRIP Ásdís kemur aftur til Reykjavíkur. Alvöru jól á Fjólugötu.
9. S. 324 Framhald af jólum á Fjólugötu. Hún verður vitni að ræðu Atla og upplestri.
10. S. 331 AFTURGRIP Ásdís ásakar sig, rifjar upp þegar hún fer og tekur pappíra Atla með sér.
11. FRÁSAGNARTÍMI Ásdís ráðleggur þjónustustúlkunni á Hótel Borg.
12. S. 336 AFTURGRIP Læknirinn segir henni að hún sé ólétt.
13. S. 338 AFTURGRIP Mánuðirnir á Kópaskeri.
14. S. 343 Vangaveltur um myndina af henni með soninn.
15. S. 345 AFTURGRIP Heimsókn foreldranna sem sækja drenginn.
16. S. 347 AFTURGRIP Anthony skrifar henni um Ditton Hall til Kópaskers. Brottför þaðan.
17. S. 352 FRÁSAGNARTÍMI Hún vaknar á Hótel Borg við símhringingu sem minnir hana á símtal út af slysi sonarins.
18. S. 355 FRÁSAGNARTÍMI Kaffidrykkja með dr. Bolla.
19. S. 360 FRÁSAGNARTÍMI útskriftin.
20. S. 364 FRÁSAGNARTÍMI Ásdís aftur í Englandi. Hún hefur fengið bréf frá Marilyn og er viss um að hún hafi haft góð áhrif á hana. Hún er sátt og draumurinn sem hana dreymir alltaf er tengdur heimkynnum hennar í Englandi. Hún þarf ekki að sækja neitt til Íslands lengur.

